

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 470/1979 um Rafveitu Húsavíkur.

1. gr.

16. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

16. gr. Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforkunotkun skal sendur notanda á notkunarstað eða annan stað, sem hann tiltekur. Gjaldalagi er við útgáfu reiknings. Hafi reikningur eigi verið greiddur innan mánaðar frá útgáfudegi skal greiða hæstu lögleyfðu vanskilavexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga.

Nánari reglur um gjalddaga má setja í gjaldskrá. Heimilt er að áætla raforkunotkun notanda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun, enda fari fram uppgjör á staðreyndri notkun skv. álestrum eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

Reikningur fyrir áætlaða notkun telst fullgildur reikningur á sama hátt og uppgjör-reikningur, enda getur notandi jafnan krafist aukaálestrar og uppgjörsmiðað við staðreynda notkun gegn aukagjaldi skv. gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Við verðbreytingar á raforku má áætla notkun skv. eldri og nýrri gjaldskrá og skal skiptingin sýnd á næsta orkureikningi. Skal notkuninni skipt jafnt niður á það tímabil, sem reikningurinn nær til.

Einnig er heimilt að ákveða meðalverð skv. nýrri og eldri gjaldskrá sem þá ákvarðast af gildistöku nýju gjaldskrárinnar miðað við reikningstímabil og skal þá gengið út frá að notkunin skiptist jafnt niður á tímabilið.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt 24. gr. orkulaga nr. 58/1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim seem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. febrúar 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir.

15. febrúar 1985

Nr. 118

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er 1560,00 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 130,00 kr.